



Bréfalykill: 01-04-07.

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytiðirn@irn.is
545 8200Sölvhólsgötu 7,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 ReykjavíkReykjavík 2. mars 2022
Tilv.: IRN22030026/

Vísað er til meðfylgjandi minnisblaðs Isavia frá 21. janúar sl. varðandi flugöryggi á Reykjavíkurlflugvelli. Í því er farið yfir aðstæður sem séu að skapast á flugvellinum vegna framkvæmda og uppbyggingar af hálfu Reykjavíkurborgar við flugvöllinn. Sérstaklega er vísað til framkvæmda sem fyrirhugaðar séu við uppbyggingu svonefnds Nýja Skerjafjarðar og sem Isavia telur að skerði flugöryggi á vellinum.

Isavia fer með rekstur Reykjavíkurlflugvallar f.h. íslenska ríkisins á grundvelli þjónustusamnings við ráðuneytið. Í honum felst m.a. að félagið fer með stjórnun og skipulag á flugvallarsvæðinu í samræmi við loftferðalög og reglugerð um flugvelli. Með vísan til þess ber Isavia f.h. íslenska ríkisins að tryggja flugöryggi á Reykjavíkurlflugvelli og rekstraröryggi hans. Þá fer Samgöngustofa með eftirlit með öryggi flugvallarins á grundvelli loftferðalaga og reglna settra á grundvelli þeirra, þ.m.t. skipulagsreglna fyrir Reykjavíkurlflugvöll.

Í minnisblaðinu kemur m.a. fram að fyrirhugaðar framkvæmdir Reykjavíkurborgar við Skerjafjörð séu til þess fallnar að skerða flugöryggi og draga úr rekstraröryggi flugvallarins. Þá kunnir þær jafnvel að valda því að viðkomandi flugbraut uppfylli ekki lengur öryggisstaðla.


Í nóvember 2019 gerðu ráðherra og borgarstjóri með sér samkomulag um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni. Er í því sérstaklega áréttað að rekstraröryggi á Reykjavíkurlflugvelli verði tryggt á meðan á undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur. Er m.a. miðað við að Reykjavíkurlflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til að nýr flugvöllur er tilbúinn til notkunar. Þá skuldbatt Reykjavíkurborg sig samkvæmt samkomulaginu til að tryggja nauðsynlegar breytingar á aðalskipulagi til samræmis við þetta.

Það er engum vafa undirorpið að hvers kyns framkvæmdir eða aðrar aðgerðir af hálfu Reykjavíkurborgar sem skerða rekstraröryggi flugvallarins eru í andstöðu við framangreint samkomulag. Rekstraröryggi flugvallarins felst m.a. í því að nýtingarmöguleikar flugbrauta séu ekki skertir, hvort sem er með þrengingu öryggissvæða, hindrunum eða annarri skerðingu á flugskilyrðum og flugöryggi.

Því óskar ráðuneytið eftir því að Reykjavíkurborg upplýsi hvaða framkvæmdir séu fyrirhugaðar á þessu svæði og með hvaða hætti borgin hyggist tryggja að þær hafi hvorki áhrif á flugöryggi né rekstraröryggi Reykjavíkurflugvallar. Þá stöðvi Reykjavíkurborg allar slíkar framkvæmdir þar til staðfest verði með fullnægjandi hætti að flugöryggi og rekstraröryggi flugvallarins sé tryggt. Er þess óskað að svar Reykjavíkurborgar berist ráðuneytinu eigi síðar en 25. mars nk.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Hjartadóttir


Ólafur Kr. Hjörleifsson

Ljósrit: Isavia
Samgöngustofa

MINNISBLAÐ

TIL INNVIÐARÁÐHERRA

DAGSETNING 21.janúar 2022

HÖFUNDUR SBJ

FLUGÖRYGGI Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI

Tilgangur minnisblaðsins er að fara yfir þær aðstæður sem eru að skapast á Reykjavíkurlflugvelli í ljósi þéttingu byggðar umhverfis flugvöllinn. Hlíðarendasvæðið er því sem næst fullbyggt og þegar hafa komið í ljós kvartanir flugstjóra vegna breyttra aðstæðna á flugbrautum og breytinga á vindafari í brottflugi og aðflugi. Byggingarreitir næst flugbrautarþröskuldi 19 eru enn óbyggðir.

Næsta skref í framkvæmdum við flugvöllinn er uppbygging Nýja Skerjafjarðar - frá Einarsnesi að Skýli 3. Stefnt er að því að flugvallargirðing verði færð núna í sumar 2022 og jarðvegsframkvæmdir eiga að hefjast þá. Mikið magn af menguðum jarðvegi þarf að flytja til og gert er ráð fyrir að hann verði nýttur til að byggja hljóðmön á milli væntanlegrar byggðar og flugvallarins. Mönin á að rísa þar sem að öryggissvæði flugbrautarinnar endar – 75 m frá miðlínu flugbrautar. Þetta flugbrautaröryggissvæði er þegar á undanþágu vegna þess hve mjótt það er og gengið var út frá því við vottun flugvallarins að ekki yrði bætt hindrunum á það út í 150 m frá miðlínu flugbrautarinnar.

Reykjavíkurborg hefur átt samtál við Isavia Innanlandsflugvelli um verkefnið. Á þeim fundum og í þeim samskiptum hefur borgaryfirvöldum verið gerð grein fyrir áhyggjum fyrirtækisins um möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á rekstur flugvallarins. Háreist mön hefur áhrif á vindafar og getur valdið ókyrrð á flugbraut, sem ógna öryggi loftfars í landingu eða flugtaki. Jafnframt getur yfirborðsvatn af breyttu landslagi kallað fram breyttar flugbrautaraðstæður, t.a.m. ísingu á flugbrautum og akbrautum loftfara.

Árið 2020 var NLR í Hollandi fengið til að skoða deiliskipulagstillögurnar í Nýja Skerjafirði og meta áhrif uppbyggingar á vindafar og aðstæður á flugvellinum. Megin niðurstöður skýrslu NLR eru að áhrifa á aðflug gætir á flugbrautum 01 og 31. Breytingar sem geta orðið á vindhvörfum miðað við gefnar forsendur eru innan marka og ættu ekki að hafa teljanleg áhrif á flugvöllinn. Bent er á að þessar aðstæður eru til staðar u.þ.b. einu sinni í mánuði og erfitt geti verið að bregðast við þar sem ekki er hægt að lenda á öðrum flugbrautum vegna hliðarvinds eða meðvinds.

Byggðin hefur mun meiri áhrif á ókyrrðarstuðullinn og leiðir greiningin í ljós að þegar það er ríkjandi vestanátt og vindhraði yfir 24 kts (~12 m.sek) fer ókyrrðarstuðullinn yfir ásættanleg mörk fyrir aðflug á flugbraut 31. Ráðgjafar NLR framkvæmdu bráðabirgða áhættumat á þessu

miðað við tíðni og alvarleika atviks sem getur orðið. Niðurstaðan út frá því áhættumati er að þessar aðstæður verða ekki betri en þolanlegar. Það krefst þess að gripið sé til mildunarráðstafana til að draga úr líkum á alvarlegu öryggisatviki.

En mikilvægt er að hafa í huga er að öll líkön sem notuð eru til að skoða vindafar á flugvöllum innihalda talsverðar aðgerðir til einföldunar og miða einnig við miðlungsstórar flugvélar. Á Reykjavíkflugvelli eru stærðir og massi loftfara talsvert fjölbreyttari en þessar athuganir miða við og oft lítil og létt loftför sem eiga í hlut.

Árið 2019 gerðu samgönguráðherra og borgarstjóri samkomulag sem kveður á um að Reykjavíkflugvöllur verði á sínum stað til ársins 2032. Í samkomulaginu er miðað við að Reykjavíkflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til að nýr flugvöllur sé tilbúinn. Starfsemi stórvirkra vinnuvéla á framkvæmdasvæðinu og þungaflutningar á milli Einarsness og flugbrautar 13-31 mun hafa áhrif á öryggi loftfara. Aukin hætta er á foki jarðefna og smáhluta inn á flugbraut. Notkun byggingarkrana nærri öryggissvæði flugvallarins mun að auki hafa takmarkandi áhrif á reksturinn.

Í ljósi alls þessa þá lýsir Isavia Innanlandsflugvellir yfir áhyggjum sínum af áhrifum á flugöryggi á framkvæmdatíma þessa verkefnis og ljóst er að rekstraraðila flugvallarins er vandi á höndum við að tryggja lágmarks flugöryggi sem krafist er í lögum og reglugerðum, og tryggja þjónustu flugvallarins á framkvæmdatíma og þegar þétting byggðar verður orðin að veruleika.

Rekstraraðili flugvallarins getur því ekki setið hjá á meðan verið er að undirbúa framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar í næsta nágrenni við Reykjavíkflugvöll sem er fyrir séð að geti valdið því að ekki verið hægt að þjóna innanlandsflugi með sama hætti og það var við undirritun samkomulagsins.

Isavia Innanlandsflugvellir, sem starfrækir Reykjavíkflugvöll á grundvelli þjónustusamnings við íslenska ríkið, hefur það verkefni að standa vörð um þá þjónustu sem fyrirtækinu er falið að veita og því mikilvægt að það bendi á þau áhrif sem geti orðið af fyrirhuguðum framkvæmdum þannig að allir aðilar sem að þeim koma séu vel upplýstir um afleiðingar slíkra framkvæmda sem hafi neikvæð áhrif á öryggi og þjónustu flugvallarins.

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Framkvæmdastjóri